

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 29. september 2020
UST202001-147/I.M.B.
09.03

Efni: Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, sem er landeigandi, kynnir hér með áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Urriðakotshraun er hluti af Búrfellshrauni sem rann snemma á nútíma fyrir um 8100 árum. Hraunið er svokallað klumpahraun og er jaðar þess uppbelgdur og úfinn. Í hrauninu eru sveigðir hryggir á yfirborði og úfnir hraukar við jaðrana. Nokkuð er um hraunhella og kallast þeir Selgjárhellar og Maríuhellar. Heitir hraunið Smyrlabúðarhraun við Selgjá og frá Selgjá að Maríuhellum heitir hraunið Urriðakotshraun. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þýr svæðið yfir fjölbreyttum náttúruminum og í því felast miklir möguleikar til útivistar, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu. Innan svæðisins liggja göngu- og reiðstígar. Friðlýsingin er hluti af átaki í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga, en gert er ráð fyrir að svæði sem eru ekki á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skulu kynnt sérstaklega. Að kynningartíma loknum tekur Umhverfisstofnun saman umsögn um framkomnar athugasemdir um áformin og skilar til umhverfis- og auðlindaráðherra. Að þeim tíma liðnum mun skipaður samstarfshópur um undirbúning friðlýsingarinnar vinna drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir réttthafa lands og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Að því loknu mun stofnunin auglýsa fyrirhugaða friðlýsingu í þrjá mánuði þar sem öllum gefst kostur á að gera athugasemdir við framlagða tillögu. Deiliskipulag fyrir svæðið er unnið samhliða undirbúningi friðlýsingar.

Í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að kveða á um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að varðveita verndargildi svæðisins. Þá er heimilt að kveða á um takmarkanir s.s. á umferðarrétti og framkvæmdum og að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar til athafna og framkvæmda sem áhrif geta haft á verndargildi svæðisins.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 4. desember 2020. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, ingibjorgb@ust.is og René Biasone, rene@ust.is eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst



Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur



René Biasone
Sérfræðingur

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026